



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kollgáta ehf.  
Kaupvangsstræti 29  
600 Akureyri

16. desember 2019  
MÍ201909-0065/ 6.06/ 5300

### Strandgata 33, Akureyri – svalahurð og gluggar

Með tölvupósti þann 06.12.2019 bárust sérteikningar Kollgátu ehf. af svölum og svalahurð vegna Strandgötu 33. Minjastofnun gerði athugasemd við útfærslu nýrrar svalahurðar í umsögn um breytingar á húsinu dags. 25.11.2019. Nýja teikningin er dagsett 6.12.2019 og sýnir þegar samþykktar svalir ásamt nýrri útfærslu svalahurðar með smárúðum.

Strandgata 33 er tvílyft steinsteypt hús, kjallari og ris. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1924. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrir skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við útfærslu svala og svalahurðar á vesturgafli Strandgötu 33 sem meðfylgjandi sérteikningarnar Kollgátu sýna. Minjastofnun mælir einnig með því að aðaluppdrættir verði uppfærðir á þann hátt að gluggar hússins verði sýndir með upprunalegu sniði; krosspóstar með smárúðum í efri fögum sbr. gömul ljósmynd og teikningar af húsinu, eins og bent var á í fyrri umsögn, dagsettri 25. nóvember 2019.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Kollgáta ehf. ([kollgata@kollgata.is](mailto:kollgata@kollgata.is))

Leifur Þorsteinsson, byggingafulltrúi, Akureyri ([leifur@akureyri.is](mailto:leifur@akureyri.is))

*Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*